

Hversu góður er árangurinn af líffæraígræðslum?

Yfirleitt er árangur góður. Ígræðsla líffæris bjargar ekki einungis lífi heldur bætir hún lífsgæði. Margir lífa eðlilegu lífi með ígrætt líffæri. Þeir geta stundað vinnu og líkamsrækt. Konur með ígrætt líffæri geta stundum eignast börn.

ORGAN
Líffæragjafi
DONOR

ORGAN
Líffæragjafi
DONOR

Fylltu út líffæragjafakort!

Kortið staðfestir ákvörðun þína og léttir erfiðri ákvörðun af ættingjum þínum.

Hvar fara líffæraígræðslur fram?

Ígræðslur líffæra úr látnum líffæragjöfum fara fram á Sahlgrenska háskólasjúkrahúsinu í Gautaborg. Líffæri sem gefin eru hérlendis eru flutt þangað. Þau eru hluti af líffærabanka norrænu ígræðslusamtakanna Scandiatransplant sem Ísland á aðild að.

Lifandi líffæragjafar geta sótt um tímabundna fjárhagsaðstoð hjá Tryggingastofnun ríkisins meðan þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafar.

Taktu ákvörðun!

Ræddu við þína nánustu um afstöðu þína til líffæragjafar. Fylltu út líffæragjafakort og geymdu það með öðrum persónuskilríkjum þínum. Hver sem afstaða þín er kemur þú óskum þínum á framfæri og getur létt erfiðum ákvörðunum af ástvinum þínum.

**Pú tekur sjálfstæða ákvörðun.
Það er tillitssemi við þína nánustu
að taka afstöðu til líffæragjafar.**

Bæklingur þessi er saminn í samvinnu við Landspítala.

Þriðja útgáfa, endursk. 2011, 2. prentun 2013.
ISBN 978-9979-9485-7-5

Embætti landlæknis 2013

**Líffæra-
gjafi**

Taktu afstöðu til líffæragjafar

Í hverju er líffæragjöf fólgin?

Líffæragjöf felst í því að líffæri (hjarta, lungu, lifur, nýru, bris, þarmar) eru fjarlægð úr látinni manneskju og síðan grædd í sjúklinga með alvarlega bilun í þessum líffærum. Að auki kemur stór hluti ígræddra nýrna frá lifandi gjöfum, oftast nánnum ættingjum. Einnig er hluti lifrar frá lifandi gjafa notaður til ígræðslu í stöku tilvikum. Loks má bæta sýn sjónskertra með ígræðslu hornhimnu frá látnum.

Hvers vegna ættir þú að taka afstöðu til líffæragjafar?

Þá vita ættingjar hug þinn til líffæragjafar.

Komi líffæragjöf til greina þegar dauða ber að höndum spyrja læknar aðstandendur um afstöðu hins látna til líffæragjafar. Sé hún ekki kunn kemur það í hlut nánustu ættingja að taka ákvörðun um líffæragjöf, en það getur verið afar erfitt á sorgarstund. Vitneskja ættingja um afstöðu þína varðandi líffæragjöf er eina leiðin til minnka hið tilfinningalega álag sem óhjákvæmilega skapast við slíkar aðstæður.

Er unnt að staðfesta dauða með vissu?

Já. Þegar blóðflæði til heilans stöðvast með öllu myndast útbreiddar skemmdir og kallast það ástand heiladaudi. Öll starfsemi heilans hættir og samkvæmt lögum er manneskjan þá látin. Langoftast deyja menn þannig að öndun hættir og hjartsláttur stöðvast og þar með allt blóðflæði líkamans. Í fáeinum sjúklingum í öndunarvélar meðferð getur orðið algert heiladrep án þess að hjartsláttur stöðvist strax. Þá er hægt að halda blóðrás og öndun gangandi um sinn. Dauðinn er þá staðfestur með nákvæmu mati

á starfsemi miðtaugakerfis og öðrum rannsóknum samkvæmt ákveðnum ferlum. Stundum eru teknar myndir af heilaæðum til að staðfesta stöðvun blóðflæðis.

Hvenær er meðferð hætt?

Þegar algert heiladrep hefur verið staðfest er manneskjan úrskurðuð látin. Er þá allri meðferð hætt. Ef nema á brott líffæri til ígræðslu er meðferð haldið áfram þar til þau hafa verið fjarlægð.

Við hvaða orsakir andláts kemur helst til greina að gefa líffæri?

Algengast er að gjafalíffæri komi frá fólki sem hefur látist af völdum blæðingar eða æðastíflu í heila eða vegna mikilla höfuðáverka. Yfirleitt er þá um að ræða óafturkræfar skemmdir á heilavef sem leiða til heiladauða meðan önnur líffæri starfa um sinn.

Þarfnast margir ígræðslu líffæris?

Á hverju ári þarfnast um 25–30 sjúklingar hér á landi líffæraígræðslu. Forsenda ígræðslu er að líffæri fái frá nýlátnum. Ekki er unnt að nýta líffæri nema í litlum hluta dauðsfalla, en hver líffæragjafi getur bjargað lífi nokkurra einstaklinga. Mikill skortur er á líffærum til ígræðslu og því er áriðandi að sem flestir séu fúsir til að gefa líffæri.

Hverjir þarfnast ígræðslu líffæris?

Allir geta veikst af alvarlegum sjúkdómi í hjarta, lifur, lungum eða nýrum. Fyrir börn með meðfædda sjúkdóma í hjarta, lungum, lifur eða nýrum getur ígræðsla líffæris verið hið eina sem bjargað getur lífi þeirra.

Á hverju skal byggja ákvörðun um líffæragjöf?

Tilfinningalegir, trúarlegir og heimspekilegir þættir og eflaust fleiri geta komið upp þegar afstaða til líffæragjafar er hugleidd. Við ákvörðunina er þó eðlilegt að velja fyrir sér hvers maður myndi óska nánustu aðstandendum sínum ef þeir yrðu fyrir því að fá alvarlega líffærabilun sem krefðist líffæraígræðslu. Hér að ofan hefur einnig verið bent á að slík ákvörðun getur létt miklu álagi af nánustu ættingjum ef þær aðstæður skyldu nokkru sinni skapast að líffæragjöf kæmi til greina.

- Við andlát mitt er heimilt að nota líffæri mín til ígræðslu (At my death I permit use of my organs for transplantation)
- Heimildin nær þó ekki til eftirtalinna líffæra (excepting):

- Ég heimila ekki líffæragjöf (I refuse to donate my organs)

.....
Nafn Kennitala

.....
Dagsetning Undirskrift

- Við andlát mitt er heimilt að nota líffæri mín til ígræðslu (At my death I permit use of my organs for transplantation)
- Heimildin nær þó ekki til eftirtalinna líffæra (excepting):

- Ég heimila ekki líffæragjöf (I refuse to donate my organs)

.....
Nafn Kennitala

.....
Dagsetning Undirskrift